


➤ Hún er lágstemmdari einhvern veginn, ... kannski aðeins súrari 32



Rosdestvenskí Pykir sérvitur og stjórnar ekki frá palli en gengur um.

Norðlægar hljómsveitir eru betri

Gennadí Rosdestvenskí stjórnar Sinfóníunni í kvöld

Eftir Bergþóru Jónsdóttur
begga@mbl.is

EINHVERN tíma var það haft eftir Gennadí Rosdestvenskí, hljómsveitarstjóranum rússneska, að sinfóníuhljómsveitir væru betri eftir því sem norðar drægi á hnettinum. Með fylgdi, að þess vegna langaði hann að koma til Reykjavíkur til að stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Skömmu síðar var ákveðið að hann kæmi hingað vorið 1996 til að stjórna hljómsveitinni, en þessi stórstjarna meðal rússneskra hljómsveitarstjóra forfallaðist, og ekkert varð úr komu hans.

En nú er tækifærið langþráð upp runnið, því Rosdestvenskí stjórnar Sinfóníuhljómsveitinni á tónleikum á vegum Listahátíðar í Háskólabíói í kvöld kl. 19.30.

Vinur Sjostakovíts



Viktoría Postnikova

Rosdestvenskí hefur lengi verið stórt nafn meðal hljómsveitarstjóra heimsins, og óhemju atorkusamur. Hann var aðeins títutugur þegar hann stjórnaði Hnotubrjót Tsjaikovskís í Bolshoi-leikhúsinu, höfuðvígi óperutónlistarinnar í Rússlandi, en í Bolshoi átti hann síðar meir eftir að verða allsráðandi sem listrænn stjórnandi.

Rosdestvenskí man tímana tvenna í Rússlandi. Hann var náinn samstarfsmaður Prokofíjevs og Sjostakovíts og þeir tileinkuðu honum verk sín í virðingarskyni við ótvíræðar gáfur hans.

Rosdestvenskí heðrar minningu vinar síns Sjostakovíts á tónleikumum í kvöld, þar sem hann stjórnar Leníngrad-sinfóníunni, sem var samin á þeim miklu hörmungartímum þegar Þjóðverjar sátu um borgina í 900 daga og um milljón manns lét lífið úr hungri og kulda.

Rosdestvenskí er ekki einn á ferð, því eiginkona hans, Viktoría Postnikova, sjálf heimsþekktur píanóleikari, verður í einleikshlutverkinu í seinna verkinu á tónleikumum, hinum ægífagra pí-anókonert í c-moll eftir Mozart.

Myndlist

Leiðsögn um sýningar í Hafnarborg

LEIÐSÖGN um sýningar Jónínu Guðnadóttur og Guðnýjar Guðmundsdóttur verður kl. 18 í dag í Hafnarborg. Þar er tveimur kynslóðum listamanna teft saman en hvor um sig er mótuð af sterkum tíðaranda og aðstæðum sem hafa áhrif á feril þeirra og sköpun. Í frétt frá Hafnarborg segir að í verkum kvenanna mæti jarðbundinn og efnislegur heimur leirs og lands, huglægum og fingerðum heimi þar sem form og frásögn eru fléttuð saman í sterka heild. Sýningar tvær eru samtal tveggja kynslóða sem mótaðar eru af ólíkum aðstæðum.




Guðný við eitt verka sinna.

Leiklist

Döffaður Dario Fo í Þjóðleikhúsinu

LEIKRITID Mistero Buffo með Ramesh Meyyappan verður sýnt á döff-leiklistarhátíðinni Draumum 2009 í kvöld kl. 20 í Kassanum, Þjóðleikhúsinu. Í frétt frá hátíðinni segir að með sinni einstöku kómísku og sjónrænu frásagnarlist færi Ramesh Meyyappan áhorfandanum sjónræna leikgerð af hinni dularfullu gamansömu sögu Dario Fo. Í leikgerðinni er drykkjumaðurinn hinn venjulegi maður sem dæmdur er af sjálfumglöðum engli fyrir það eitt að vilja njóta lífsins. Meyyappan er sjálfur leikari, leikstjóri og höfundur leikgerðar.



Ramesh Meyyappan

Tónlist

Ósýnilega sverðið í Norræna húsinu

EDDAN: The Invincible Sword of the Elf Smith verður frumflutt í Norræna húsinu í kvöld kl. 19.30, og er þar um heimsfrumflutning að ræða. Höfundur er Mats Wendt. Verkið verður flutt í gegnum tölvur og geta gestir valið hvaða þætti þeir vilja hlusta á sem kemur sér vel því verkið er 16 klukkutímar í heild sinni og hefur Mats unnið að smíði þess í 9 ár.



Steindór Andersen

Steindór Andersen kveður úr Hrafnagaldri Óðins og Bjarki Sveinbjörnsson ræðir við tónskáldið um tilurð verksins. Hægt er að hlusta á verkið í allt sumar í skálanum, austan megin við húsið.

Les ekki myndasögur

● Myndlistarmaðurinn Erró verður viðstaddur opnun á sýningunni Myndlýsingar í Hafnarhúsi í dag ● Hefur áhuga á því að vinna með íslenskum börnum

Eftir Helga Snæ Sigurðsson
helgisnaer@mbl.is

TIGER Woods gaf mér þessa peysu,“ segir Erró ósköp hversdagslega á meðan verið er að ljósmynda hann yfir morgunkaffi á Hótel Borg. Kyllingurinn þekkir kunningja Errós og gaf honum peysuna þegar þeir sátu að snæðingi, var með fullan poka af Nike-golfpeysum. Erró kann vel við peysuna þó svo hann leiki ekki golf.

Í dag kl. 18 verður opnuð sýningin *Mannlýsingar* í Hafnarhúsinu. Þar er lögð áhersla á mann lýsingamyndir listamannsins af þekktum einstaklingum, lífs eða líðnum. Þá verður einnig opnuð sýning á verkum íslenskra kvenna sem hlotið hafa viðurkenningu úr sjóði sem Erró stofnaði og kenndur er við móðursystur hans, Guðmundu S. Kristinsdóttur. Tíundi verðlaunahafi sjóðsins verður kynntur á sama tíma og Erró verður á staðnum. Hann segist ekki ætla að opna sýninguna heldur vera „á bak við safnstjórn“.

Best á Formentera

Það er ómögulegt að telja upp öll afrek þessa þekktasta myndlistarmanns Íslendinga, svo margar eru yfirlitssýningar, löndin sem hann hefur sýnt í, risaverkefni sem hann hefur fengið við og sögufrægir listamenn sem hann hefur umgengist og unnið með. Erró býr og starfar í París en fer oft til Spánar að vinna, á eyjuna Formentera. Þar segist hann vinna langbest, fá mestan frið.

„Ég vakna um sexleytið, fer á vinnustofuna um sjöleytið, fer heim um áttaleytið. Dagurinn gengur á tíu mínútum,“ segir Erró og hlær þegar hann lýsir dæmigerðum vinnudegi hjá sér í París. Hann vilji vinna einn en verði þó að hafa aðstoðarmenn þegar setja eigi upp stóra keramikvegg. Það er alltaf nóg að gera, margar sýningar á döfinni og verkpantanir sem þarf að sinna.

Forvinnan skemmtileg

„Við erum að gera stóran vegg fyrir utan París, í háskóla, 40 metra langan og fimm metra háan. Hann verður um málshætti,“ segir Erró þegar hann er beðinn um dæmi um verkefni sem liggja fyrir. Hann muni taka á umfjöllunarefni sínu með sínum kunnuglega evrópopplistarstíl. Þar ægir öllu saman, teiknimynda- og sögupersónur koma saman í kraftmiklum klippimyndastíl.

Forvinnuna, klippimyndirnar, vinnur Erró á Spáni. Þar hefur hann sankað að sér efni og reynir að finna myndasýrur en í þeim geta verið allt að 100 myndir. „Þetta er skemmtilegasta vinnan að vissu leyti, þetta eru orginalarnir svo málverkin verða bara kópíur. Það breytist svo mikið þegar þetta kemst upp á léref.“ Málverkin stóru malar Erró hins vegar á




Morgunblaðið/Eggert

Erró í golfpeysunni góðu frá Tiger Woods, í kaffi á Hótel Borg. Hann segist hafa verið mjög heppinn.

Sprengja ramma allra skilgreininga

Listfræðingurinn Danielle Kvaran er sýningarstjóri sýningarinnar *Mannlýsingar* og ritstjóri nýrrar bókar sem kemur brátt út í tengslum við hana. Sýningin er afmælisýning, haldin í tilefni af því að 20 ár eru liðin frá því að Erró gaf Reykjavíkurborg mikilvægt safn verka sinna og skjala.

Í inngangi bókarinnar lýsir Danielle mann lýsingum Errós m.a. þannig: „Mann lýsingar Errós sprengja ramma allra skilgreininga og uppröðunar. Þær eru mismunandi stórar, ólíkar að myndskrift, tóni og byggingu, þær gera ýmist að upphetta persónu fyrirmyndarinnar eða gagnrýna, ellegar nálgast þær viðfangsefnið á hlutlausan hátt, nánast eins og heimildamyndir, stundum hins vegar með pólitískari hætti og beita þá íróníu, skopstælingu, satíru og myndskáldskap. Portrettmyndirnar geta ýmist verið byggðar á tveimur, þremur, fjórum aðalmyndum eða myndbrotum eða miklu fleiri og þessar myndir geta verið í sama stíl eða alls ekki. En þær eiga það sameiginlegt, að endurskrifa sögur,



Wagner Ein af myndlýsingum Errós, frá árinu 1974.

bæði einstaklinga og samfélagslegar sögur með því að nota myndir sem eru þegar til en setja þær í nýtt samhengi.“

Sýningin verður í tveimur sölum Hafnarhússins.

Frekari upplýsingar á: www.listasafnreykjavikur.is

vinnustofu sinni í París.

Þú hlýtur að vera mikill aðdáandi teiknimyndasagna?

„Ég les aldrei þessar bækur,“ segir Erró og hlær, bendir svo á að í Bandaríkjunum séu seldar 250 þúsund teiknimyndabækur á dag. „Það er lygilegt,“ segir hann brosandi.

Ég á stundum dálítið erfitt með að átta mig á tengingum í verkunum þínum. Ég var t.d. að skoða málverk þar sem Maó formaður og Marilyn Monroe koma saman. Hvernig tengjast þau?

„Þetta er hér um bil tilviljun, eins og í draumi hjá mér. Þegar ég vinn

klippimyndirnar og set saman mismunandi myndir þá veit ég ekki hvað ég er að gera að vissu leyti. Svo skoða ég það í enda dagsins og næsta dags kannski og stundum nokkrum árum seinna. Ég tek upp gamlar klippimyndir og finn að þetta er nothæft, myndi passa með öðru.“

Ég ímynda mér að þú hrökkvir í gang að morgni, sért á fullu að vinna allan daginn og vitir svo ekki alveg hvað gerðist þegar vinnudegi lýkur. Er það rétt?

„Alveg rétt, mhm,“ svarar Erró í miðjum kaffisopa.

Gaman að vinna með börnum

Verk Erró virðast höfða til íslenskra barna og unglínga, enda teiknimyndaleg í grunninn. Erró er mjög ánægður með þær vinsældir enda hefur hann m.a. unnið að listsköpun með skólabörnum á eyjunni Réunion-eyju í Indlandshafi. Af-rakstur þess samstarfs er verkið „Mil masques“ sem hann setti upp á eyjunni.

Þú hefur ekki hugsað þér að gera eitthvað svipað á Íslandi?

„Það væri nú gaman, að sjá hvað skeður. Ég verð að tala við Hafþór (Yngvason, safnstjóra Listasafns Reykjavíkur, innsk.blm.), þetta er góð hugmynd. Verðum bara að setja það af stað,“ segir Erró og er greinilega áhugasamur. „Er ekki best að fara í skólana?“ spyr hann svo blada-mann sem segir það hljóma vel.

Að lokum, séðu eftir einhverju á listferlinum?
„Ég held ekki, ég hef verið mjög heppinn. Með vinnu, með konur og með líf. Með allt saman,“ segir Erró og sér ekki eftir neinu.